

✉ Re: Umsagnarbeiðni varðandi nýtingarleyfisumsókn á Röndinni við Kópasker

Búið til	19.2.2021 15:31:54
Höfundur	Lovísa Ásbjörnsdóttir
Sent	19.2.2021 15:31:53
Tilheyrir	 202102-0001 - Umsagnarbeiðni varðandi nýtingarleyfisumsókn á Röndinni við Kópasker

Efni

Re: Umsagnarbeiðni varðandi nýtingarleyfisumsókn á Röndinni við Kópasker

Upplýsingar

Sent	19.2.2021 15:31:53	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Vinnsla

Þátttakendur

Frá	Lovísa Guðrún Ásbjörnsdóttir - NI (Lovisa.G.Asbjornsdottir@ni.is)
Til	kg@os.is
Cc	os@os.is

Innihald

Tilvísun í málsnr. 202102-0001 (LÁ)

Vísað er til bréfs frá Orkustofnun, dags. 29. janúar 2021, þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Rifóss hf. um nýtingarleyfi á söltu grunnvatni (jarðsjó) á Röndinni við Kópasker, í Norðurþingi. Sótt er um nýtingarleyfi til töku á allt að 400 l/sek af söltu grunnvatni (jarðsjó).

Náttúrufræðistofnun Íslands gerir athugasemdir við að í umsókn um nýtingarleyfi er magn vatnstöku helmingi hærrí en fram kemur í fyrirspurn um matsskyldu, frá júní 2020, en á bls. 12 stendur (feitletrað NÍ): „Gert ráð fyrir átta borholum (14 tommu) innan lóðar þar sem borað verður eftir jarðsjó ásamt veitulögnum þeim fylgjandi. Þarna kemur upp 12-14 gráðu heitur sjór sem nýtist beint til fiskeldis. **Vatnstaka úr borholum verður um 200 l/sek að ársmeðaltali.**“

Skipulagsstofnun byggir ákvörðun sína um matsskyldu á vatnstöku 200 l/sek. Á bls. 7 stendur (feitletrað NÍ): „Sem fyrr segir er fyrirhugað að afla jarðsjós úr borholum til eldisins. Gert er ráð fyrir að **vatnstaka verði um 200 l/sek að meðaltali á ári**. Samkvæmt mælingum eru jarðlög sprungin og lekt mikil. Vatnsból Kópaskers var áður við Snartarstaðalæk, skammt frá fyrirhuguðu fiskeldi. Vatnsbólíð var síðar fært vegna þess að vatn úr Snartarstaðalæk þótti ekki nothæft sökum efnainnihalds¹. Skipulagsstofnun telur ólíklegt að vinnsla jarðsjós komi til með að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér en telur samt sem áður **þörf á því að í nýtingarleyfi verði kveðið á um vöktun á grunnvatni og viðbrögð verði áhrif meiri en gera má ráð fyrir.**“

Útskýra þarf þennan mikla mun á vatnstöku á milli fyrirspurna um matsskyldu og umsóknar um nýtingarleyfi hjá framkvæmdaraðila, eða að það komi skýrt fram í nýtingarleyfinu að um sé að ræða hámarksnýtingu á hverjum tíma (400 l/sek) en að ársmeðaltali sé vatnstaka um 200 l/sek.

Náttúrufræðistofnun Íslands telur einnig mikilvægt að Orkustofnun horfi til álits Skipulagsstofnunar við útgáfu nýtingarleyfis, um að þörf sé á ákvæði um vöktun á grunnvatni og viðbragðsáætlun ef breytingar verða. Þetta er ítrekað í ákvörðun Skipulagsstofnunar um matskyldu á bls. 8:

„Vöktun og ákvæði í starfsleyfi og nýtingarleyfi ættu að tryggja að áhrif vegna mengunar og grunnvatnsvinnslu verði í lágmarki og að mögulegt verði að draga úr áhrifum reynist þau yfir mörkum í starfsleyfi.“

Þá vill Náttúrufræðistofnun ítrekar niðurstöðu sína í umsögn til Skipulagsstofnunar, júlí 2020, https://www.ni.is/sites/ni.is/files/atoms/files/rondin_kopaskeri_fiskeldi.pdf (https://www.ni.is/sites/ni.is/files/atoms/files/rondin_kopaskeri_fiskeldi.pdf)

„Með hliðsjón af hlutverki Náttúrufræðistofnunar telur stofnunin ekki líklegt að umrætt fiskeldi sé líklegt til að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum af þeirri starfsemi sem þar verður að því tilskyldu að ráðist verði í viðeigandi mótvægisáðgerðir s.s. vernd jarðminja og aðgerðir vegna fuglalífs sem komið er inn á hér að framan. Auk þess verði ráðist í nauðsynlegar mengunarvarnir og einnig tryggt að seiði geti ekki sloppið úr stöðinni til sjávar.“

Virðingarfyllt,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is>)

From: "Kristján Geirsson" <kg@os.is>
To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>
CC: "Harpa Þórunn Pétursdóttir" <harpa@os.is>; "Þóra Margrét Þórsdóttir" <m@os.is>
Subject: Umsagnarbeiðni varðandi nýtingarleyfisumsókn á Röndinni við Kópasker
Date: 29.1.2021 14:17:10

Orkustofnun hefur borist umsókn Rifóss hf. um nýtingarleyfi á söltu grunnvatni (jarðsjó) á Röndinni við Kópasker, í Norðurþingi.

Stofnunin óskar eftir því að Náttúrufræðistofnun Íslands veiti umsögn um erindi Rifóss með vísan til 3. mgr. 6. gr. laga um um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998, sbr. eftirtalin bréf og fylgiskjöl sem fylgja með í viðhengi með tölvupósti þessum:

- Bréf Orkustofnunar, dags. 29. janúar 2020
- Umsókn um nýtingarleyfi
- Fylgiskjal 1. Lóðarkort
- Fylgiskjal 2. Afrit af staðfestu aðalskipulagi
- Fylgiskjal 3. Afrit af staðfestu deiliskipulagi
- Fylgiskjal 4. Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdar
- Fylgiskjal 5. Fyrirspurn um matsskyldu framkvæmdar
- Fylgiskjal 6. Tryggingarskírteini
- Fylgiskjal 7. Samningur um vatnsnot

Vinsamlegast athugið að umsagnarbeiðni þessi er einungis send með rafrænum hætti, ekki verða prentuð eða send eintök af bréfum, umsókn Rifóss eða fylgiskjöllum.

Óskað er eftir því að umsögn berist ekki síðar en 19. febrúar nk. Æskilegt er að umsögn sé send á netfangið os@os.is (<mailto:os@os.is>).

Vinsamlegast staðfestið móttöku tölvupósts þessa, og fullnægjandi niðurhal gagna.

Virðingarfyllst,

Kristján Geirsson, Ph.D, MPA

Verkefnastjóri – stjórnslá vatnsauðlinda

Manager – Water Resource Management



Orkustofnun /National Energy Authority

Orkugarður, Grensásvegur 9

108 Reykjavík

Iceland

Tel: +354 569 6000

<http://www.os.is/> (<http://www.os.is/>) <http://www.nea.is> (<http://www.nea.is>)

Fyrirvari | Disclaimer: <http://www.os.is/disclaimer> (<http://www.os.is/disclaimer>)

Hugsaðu um umhverfið áður en þú prentar út þessi skilaboð./
Think of the environment before printing this message.

Viðhengi

image001.png (19 KB)